# STJÓRNARTÍÐINDI B 1 — 1983



## AUGLÝSING

**varðandi gin- og klaufaveiki.**

Vegna þess að komið hefur upp í Danmörku gin- og klaufaveiki, er samkvæmt heimild í lögum nr. 11/1928 um varnir gegn gin- og klaufaveiki, bannað, þar til annað verður ákveðið, að flytja til landsins frá Danmörku hverskonar fóðurvörur, lifandi dýr og afurðir af dýrum. Jafnframt er bannað að nota til skepnufóðurs matarleifar sem aflað er utan heimilis.

Brot gegn banni þessu varða sektum.

*Landbúnaðarráðuneytið, 17. janúar 1983.*

**Pálmi Jónsson.**

*Sveinbjörn Dagfinnsson.*

**Stjórnartíðindi B 1, nr. 1. Útgáfudagur 20. janúar 1983.**

B 1

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg